

Lagt fyrir fund velferðarráðs 23. janúar 2019

Fyrirspurnir frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Á fundi velferðarráðs þann 7. nóvember 2018, voru lagðar fram svohljóðandi fyrirspurnir frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

- A. Hvernig standa þær viðuræður sem samþykkt var að fara í á aukafundi borgarráðs 31. júlí, hversu oft hefur verið fundað og hverjir hafa komið að umræddum viðuræðum og hvenær má eiga von á því að viðuræðum ljúki? En þar samþykkti borgarráð að fela borgarstjóra að ræða við ríkisstjórn og verkalyðshreyfinguna um breytingar á reglum um stofnframlög þannig að hægt sé að fjölga leiguíbúðum í Reykjavík.
- B. Hvernig standa þær viðuræður sem samþykkt var að fara í á aukafundi borgarráðs 31. júlí 2018, hversu oft hefur verið fundað og hverjir hafa komið að umræddum viðuræðum og hvenær má eiga von á því að viðuræðum ljúki? En þar samþykkti borgarráð að hefja formlegt samstarf milli ríkis, Reykjavíkurborgar, stærstu sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að tryggja að raunhæfar úrlausnir séu til staðar þegar leysa þarf úr bráðum húsnæðisvanda.
- C. Hvernig standa þær viðuræður sem samþykkt var að fara í á aukafundi borgarráðs 31. júlí 2018, hversu oft hefur verið fundað og hverjir hafa komið að umræddum viðuræðum og hvenær má eiga von á því að viðuræðum ljúki? En þar samþykkti borgarráð að skora á félags- og húsnæðismálaráðherra og Alþingi að skylda sveitarfélög til að fjölga félagslegum leiguíbúðum, t.d. í 4-5% af íbúðum í sveitarfélaginu eða finna aðrar leiðir til að tryggja að sveitarfélögin sinni skyldum sínum.
- D. Hvernig standa þær viðuræður sem samþykkt var að fara í á aukafundi borgarráðs 31. júlí 2018, hversu oft hefur verið fundað og hverjir hafa komið að umræddum viðuræðum og hvenær má eiga von á því að viðuræðum ljúki? En borgarráð samþykkti að taka upp formlegar viðuræður við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um kostnaðarþátttöku vegna þeirra einstaklinga sem eru með lögheimili í sveitarfélögum utan Reykjavíkur en nýta sér úrræði Reykjavíkurborgar s.s. Konukot, Gistiskýlið og Víðines.
- E. Hvernig standa þær viðuræður sem samþykkt var að fara í á aukafundi borgarráðs 31. júlí 2018, hversu oft hefur verið fundað og hverjir hafa komið að umræddum viðuræðum og hvenær má eiga von á því að viðuræðum ljúki? En borgarráð samþykkti að fela borgarstjóra að hefja viðuræður við heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu m.a. hjúkrunarrými, fyrir eldra utangarðsfólk.

F. Samkvæmt yfirliti um fundi borgarstjóra með fulltrúum stjórnvalda kemur fram að borgarstjóri hafi átt einn fund með félagsmálaráðherra 7. september 2018. Óskað er eftir svörum við því hvort þær viðræður hafi snúist um málefni heimilislausra. Hafi slíkar umræður farið fram er óskað eftir minnisblaði frá fundinum og þessum viðræðum.